

við frv. til laga um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Magnúsi H. Magnússyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Markmið laga þessara er að stuðla að samræmingu heilbrigðis-, vistunar- og félagslegrar þjónustu við aldraða og sérstöku átaki við framkvæmdir bygginga fyrir aldraða í þeim tilgangi að aldraðir eigi kost á þeim vistunar- og þjónustumöguleikum, sem henta best þörfum þeirra hverju sinni.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Heilbrigðis- og vistunarmál heyra undir heilbrigðisráðuneytið og félagsleg þjónusta undir félagsmálaráðuneytið. Í heilbrigðisráðuneytinu starfar deild, er annast málefni aldraðra skv. lögum þessum undir forustu deildarstjóra, sem hefur staðgóða þekkingu á málefnum aldraðra.

3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr. og orðist svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar fimm manna stjórnarnefnd málefna aldraðra til 4 ára.

Nefndin skal skipuð: landlækni, einum manni frá Félagi stjórnenda öldrunarstofnana, einum eftir tilnefningu Öldrunarfræðafélags Íslands, einum fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og skal það vera deildarstjóri málefna aldraðra. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

4. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verði 4. gr. og orðist svo:

Verkefni stjórnarnefndar málefna aldraðra eru:

1. Að fylgjast með starfi ellimálanefnda og gæta þess, að ráðstafanir varðandi alla þjónustu við aldraða verði samræmdar.
2. Að ráðstafa fé Framkvæmdasjóðs aldraðra, sbr. 9. gr., að fengnum tillögum ellimálanefndar.
3. Að skera úr um ágreiningsmál sem upp koma um málefni aldraðra, en vísa má þeim úrskurði til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

5. Við 4. gr. Greinin verði 6. gr. og orðist þannig:

Á hverju þjónustusvæði skal starfa ellimálanefnd í stjórnunartengslum við heilsugæslustöðvar og hefur nefndin það hlutverk að annast skipulagningu þjónustunnar innan svæðisins, sbr. 5. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar ellimálanefndir eftir tilnefningu sveitarfélaga á viðkomandi svæði.

Í nefndinni skulu eiga sæti: einn fulltrúi frá heilbrigðisþjónustu á staðnum og skal hann vera heilsugæslulæknir, sérfræðingur í öldrunarlækningum eða heilsugæsluhjúkrunarfræðingur, einn fulltrúi frá félagsmálaþjónustu sveitarfélaga og einn fulltrúi félagssamtaka, sem vinna að öldrunarþjónustu á svæðinu. Borgarlæknir er formaður nefndarinnar í Reykjavík, en auk hans eiga sæti í nefndinni heilsugæsluhjúkrunarfræðingur, sérfræðingur í öldrunarlækningum, starfsmaður félagsmálaþjónustu tilnefndur af borgarstjórn og einn fulltrúi félagsamtaka sem vinna að öldrunarþjónustu á svæðinu.

Heimilt er að skipa undirnefndir á heilsugæslusvæðinu í Reykjavík, ef stjórnarnefnd telur það nauðsynlegt.

Ráðherra skipar ellimálanefndirnar til fjögurra ára og setur nánari reglur um störf þeirra.

6. Við 5. gr. Greinin verði 7. gr. og orðist svo:
Hlutverk ellimálanefndar er:
 1. Að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra á svæðinu.
 2. Að meta þjónustupörf viðkomandi einstaklinga, í samráði við heilsugæslustöð og/eða heimilislækni, hvort heldur er um að ræða heimilisþjónustu eða vistunarþörf á stofnun.
 3. Að ákveða tegund þjónustu bæði að því er snertir heimilisþjónustu og vistun á hinum ýmsu stofnunum, að fengnu mati. Ef um vistun á stofnun er að ræða, skal vista einstakling á þeirri stofnun sem hann kýs, óháð svæðaskiptingu, eftir því sem við verður komið.
 4. Að skipuleggja þjónustu fyrir aldraða í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar og samhæfa þá fyrir hvern einstakling, þ. á m. nætur- og helgidagþjónustu.
 5. Að gera árlega áætlun um þjónustupörf fyrir aldraða í umdæminu, sem send skal viðkomandi sveitarstjórn, heilbrigðisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og stjórnarnefnd. Í áætlun þessari skal koma fram þörf fyrir mannafta í heimaþjónustu, þörf fyrir vistrými á mismunandi stöðum og þörf fyrir fjárveitingar til annarra þátta öldrunarþjónustunnar.
 6. Að gera árlega tillögur til stjórnarnefndar um framkvæmdapörf og kostnaðaráætlun framkvæmda og áætlunir til lengri tíma um skipan þessara mála og nauðsynlegar framkvæmdir í umdæminu.
 7. Að hafa samvinnu við áhugamannatélög sem starfa að öldrunarþjónustu í umdæminu.
 8. Að vera ráðgefandi um lagfæringar á húsnæði, flutningsþjónustu, heimsendingu matar, styrkveitingar til heimila, sem annast sjúk gamalmenni, og aðra þjónustu ef þörf krefur.
7. Við 7. gr. Geinin verði 9. gr. og breytist þannig:
 - a. Í stað 1. málsg. komi tvær málsg. og orðist svo:
Sjóðurinn skal vera í vörslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Stjórnarnefnd, sbr. 3. og 4. gr., ákveður úthlutun úr sjóðnum að tengnum tillögum ellimálanefndar, sbr. 6. tl. 7. gr. Skal leita staðfestingar viðkomandi ráðherra á úthlutuninni.
 - b. Næstsiðasta málsg. greinarinnar orðist svo:
Stjórnarnefnd gerir að fengnum tillögum ellimálanefndar, sbr. 6. tl. 7. gr., áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir.
8. Fyrirsögn III. kafla orðist svo:
Heimilisþjónusta.
9. Við 8. gr. Greinin verði 10. gr. og orðist svo:
Heilbrigðisþjónusta og önnur aðstoð, sem veitt er í heimahúsum á vegum opinberra aðila, kallast heimilisþjónusta.
Til heimilisþjónustu teljast m. a. heimilislækningar, heimilishjúkrun, heimilishjálp, heimsending matar og flutningsþjónusta aldraðra og endurhæfing.
10. Á eftir 8. gr. komi tvær nýjar greinar, sem verði 11. og 12. gr. og orðist svo:
 - a. (11. gr.) Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að heimilisþjónusta sé til staðar í hverju sveitarfélagi. Sveitarfélög innan sama heilsugæsluumdæmis geta rekið slíka þjónustu sameiginlega.
 - b. (12. gr.) Hinir ýmsu þættir heimilisþjónustu fyrir aldraða eru skipulagðir af ellimálanefnd í samráði við félagsmálaþjónustu sveitarfélaga. Þessir aðilar kanna þörfina og samhæfa tegund og magn þjónustu í samræmi við þarfir og óskir einstaklingsins á hverjum tíma. Heimilisþjónustu skal veita sem kvöld-, nætur- og helgidagþjónustu, ef ellimálanefnd telur þörf á.
11. Við 9. gr. Greinin verði 13. gr. og orðist svo:
Starfslið heilsugæslustöðva annast heilbrigðisþátt heimilisþjónustunnar, þ. e.

heimahjúkrun, endurhæfingu og aðra aðstoð sem heilbrigðisstéttir veita innan ramma 19.gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978. Heilbrigðisráðherra getur heimilað að ráða sjúkraliða til heilsugæslustöðvar sé það talið nauðsynlegt til að halda uppi viðunandi heimahjúkrun.

Heimahjúkrun er veitt ókeypis og einnig önnur þjónusta heilbrigðisstétta sé hennar þörf að mati ellimálanefndar. Sjúkratryggingar greiða allan kostnað af þjónustu sem veitt er samkvæmt þessari grein.

12. Á eftir 9. gr. komi ný grein, sem verði 14. gr. og orðist svo:

Starfsmenn félagsmálastofnana eða aðrir starfsmenn sveitarfélaga, ef félagsmálastofnun er ekki í sveitarfélaginu, sjá um þann þátt heimilisþjónustu, sem ekki fellur undir heilsugæslu, svo sem heimilishjálpar, félagsráðgjöf, flutningsþjónustu aldraðra og aðra þjónustu, sem ákveðin kann að vera í reglugerð.

13. Við 10. gr. Greinin verði 15. gr. og orðist svo:

Heimilishjálpar, þ. e. aðstoð við venjuleg heimilisstörf, er veitt gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, sem sveitarstjórn setur og ráðherra staðfestir. Skyld er þó að fella endurgjald alveg niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, sem njóta tekjutryggingar, og öðru efnalitlu fólki, og setur ráðherra nánari ákvæði um það í reglugerð.

Sveitarsjóðir og ríkissjóður greiða halla af rekstri heimilishjálpar í sama hlutfalli og kostnað við sjúkratryggingar.

14. Við 11. gr. sem verði 16. gr. a-liður orðist svo:

Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli eða af samtökum aldraðra.

15. Við 12. gr. sem verði 17. gr. Á eftir orðunum „reka dvalarstofnun fyrir aldraða“ komi: skv. b-, c- og d-lið 16. gr. (þ. e. 11. gr. frv.)

16. Við 13. gr. sem verði 18. gr. Í stað orðanna „skv. 11. gr.“ komi: skv. b-, c- og d-lið 16. gr.

17. Við 14. gr. sem verði 19. gr.

a. Á eftir orðunum „fyrir aldraða“ komi: skv. b-, c- og d-lið 16. gr.

b. Aftan við greinina bætist:

Sé sveitarfélag eigandi dvalarheimilis getur sveitarstjórn falið félagsmálaráði eða félagsmálanefnd stjórn þess.

18. Á eftir 16. gr. komi ný grein, sem verði 22. gr. og orðist svo:

Stjórn dvalarheimilis ákveður vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum forstöðumanns og umsögn ellimálanefndar og má enginn vistast nema nefndin mæli með vistun.

Vistmenn á dvalarheimili eiga forgang að vistun á hjúkrunardeild á sama heimili.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um íbúðir samkv. a-lið 11. gr. þar sem vistmaður greiðir að öllu leyti kostnað af dvöl sinni.

Stjórnarnefnd, sbr. 4. gr., sér um að samræmi sé í mati hinna ýmsu ellimálanefnda á vistunarþörf.

Komi upp ágreiningur um vistun ber að vísa honum undir úrskurð stjórnarnefndar, sbr. 3. tl. 4. gr.

19. Við 20. gr. Greinin falli niður.

20. Við ákvæði til bráðabirgða. Á eftir 1. mgr. bætist:

Einnig skal þegar í stað skipa stjórnarnefnd, sbr. 4. gr., og ellimálanefndir, sbr. 6. gr.

21. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um heilbrigðis-, vistunar- og félagslega þjónustu fyrir aldraða.